

- 68 5. Þegar veitt eru úr sjóðnum lán samkvæmt 35. grein raforkulaganna, 1. og 2. 5. maí tölulið, til rafmagnsveitna ríkisins, skal rafmagnsveitustjóri gefa út og undirrita skuldabréf, þar sem fram sé tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða öðrum kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra, sem heimilar lánveitinguna, geymt í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

Um veitingu lána samkv. 3. tölulið 35. gr. laganna verða síðar settar nánari reglur.

6. Þegar um greiðslu á fé til rannsókna er að ræða, tekur gjaldkeri raforkumála-skrifstofunnar við greiðslunni og kvittun hans leggst sem fylgiskjal með bókun hjá sjóðnum ásamt heimildarbréfinu frá ráðherra fyrir greiðslunni.
7. Raforkumálastjóri skal heimta inn til sjóðsins vexti af lánnum og samningsbundnar eða fyrirskipaðar afborganir, þegar er greiðslur falla í gjalddaga. Hann tekur á móti framlagi ríkissjóðs til raforkusjóðs, tekjuafgangi rafmagnsveitna ríkisins og öðru fé, er til sjóðsins rennur. Hann annast innheimtu á endurgreiðslu rannsóknarkostnaðar og undirbúningskostnaðar að rafveituframkvæmdum samkvæmt 36. gr. raforkulaga.
8. Raforkumálastjóri hefur viðeigandi bókhald um lánveitingar, vaxtareikning, tekjur sjóðsins og gjöld og allar greiðslur sjóðsins vegna. Fjármálaráðuneytið, endurskoðunin, endurskoðar reikninga raforkusjóðs.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

69 2. júní

um viðauka við reglugerð frá 17. febrúar 1947, um ríkisábyrgð á söluverði freðfisks, saltsfisks o. fl.

Aftan við 30. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi fjórir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

31. Lúða, heilfryst, pr. lb. f.o.b.	kr. 1.85
32. Lúðuflok í 7 lbs. öskjum, pr. lb. f.o.b.	— 3.25
33. Flatfiskflök (skarkoli, þykkvalúra) í 7 lbs. öskjum, pr. lb. f.o.b.	— 3.10
34. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) heilfrystur í stykkjum 21 lbs., þri-skípt (7 lbs hvert) 3 stykki í kassa, pr. lb. f.o.b.	— 1.51

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97 28. desember 1946.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.